



# **Bjarmahlíð**

**FYRIR ÞOLENDUR OFBELDIS**

ÁRSSKÝRSLA 2019

# Bjarmahlíð – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis

## Stofnun þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi

Stofnfundur þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi var haldinn á lögreglustöðinni á Akureyri, Þórunnarstræti 138, þann 20. febrúar 2019. Samhliða því undirrituðu Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, og Sigríður Andersen dómsmálaráðherra samstarfsyfirlýsingu um fjármögnun þjónustumiðstöðvarinnar. Sambærileg þjónustumiðstöð, Bjarkarhlíð, var þegar starfrækt á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2017. Ásmundur Daðason, félags- og barnamálaráðherra, opnaði þjónustumiðstöðina með formlegum hætti 1. apríl 2019 þar sem allir samstarfaðilar voru samankomnir í húsakynnum miðstöðvarinnar að Aðalstræti 14. Hæfnisnefnd var falið að sjá um ráðningu teymisstjóra, hana skipaði Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, Agnes Björk Blöndal og Sigrún Sigurðardóttur. Guðrún Kristín Blöndal var ráðin í 100% starf teymisstjóra Bjarmahlíðar. Halla Bergþóra lagði mikla vinnu í að verkefnið yrði að veruleika og að auki var henni falið að hafa yfirumsjón með því. Lagt var upp með að Bjarmahlíð yrði rekin sem tilraunaverkefni til tveggja ára og miðast fjárframlög ráðuneytanna við það. Bjarmahlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis var loks formlega opnuð fyrir þjónustuþega þann 10. maí 2019.



*Mynd 1: Formleg opnun Bjarmahlíðar 1. apríl 2019.*

## Stjórn Bjarmahlíðar

Í 1. grein samþykktar v. þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi kom fram að stjórn Bjarmahlíðar er samansett samstarfsaðilum Bjarmahlíðar. Þ.e. Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, sem jafnframt er formaður stjórnar, Akureyrarbæjar, Afslins, samtaka gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, Háskólans á Akureyri, Sjúkrahússins á Akureyri, Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, Samtaka um kvennaathvarf, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Kvennaráðgjafarinnar. Að auki var lagt upp með að þjónustumiðstöðin yrði rekin í samstarfi við dómsmálaráðuneytið og félags- og barnamálaráðuneytið sem leggja henni einnig til rekstrarfé. Hvort ráðuneyti leggur 12 milljónir króna til verkefnisins á tímabilinu svo heildarframlagið er samtals 24 milljónir króna.



## Hugmyndafræði

Family Justice Center hugmyndafræðin byrjaði að þróast í Bandaríkjunum árið 1989 en fyrsta miðstöðin opnar í San Diego árið 2002. Hugmyndafræðin var vel kynnt í Bandaríkjunum og eru nú miðstöðvar í líkingu við Bjarmahlíð í mörgum fylkjum Bandaríkjanna. Ísland er áttunda



landið í Evrópu til að þróa hugmyndafræðina en Svíþjóð hefur til dæmis unnið eftir þessu módeli í mörg ár. Megininntakið í hugmyndafræðinni er að veita þjónustu fyrir fullorðna þolendur ofbeldis á einum stað, þeim að kostnaðarlausu, þar sem þverfaglegt teymi fagfólks kemur saman til að veita heildræna þjónustu.

## Hlutverk

Tilgangur og hlutverk Bjarmahlíðar felst í að samhæfa þjónustu og úrræði fyrir þolendur á einum stað. Efla fræðslu, þekkingu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis, vera miðstöð upplýsinga og fræðslu um málefni sem tengjast ofbeldi og fylgjast með rannsóknum og nýjungum í málaflokknum. Lögð er sérstök áhersla á að bæta þjónustu fyrir hópa í samfélaginu sem eru í aukinni hættu á að verði fyrir ofbeldi. Hlutverk Bjarmahlíðar er að stuðla að þverfaglegri samvinnu, með að búa til samstarfsvettvang opinberra aðila og frjálsra félagasamtaka sem aðstoða þolendur ofbeldis. Að auki skapa hlýlegt og öruggt umhverfi þar sem þolendur mæta skilningi og þekkingu á aðstæðum sínum. Í Bjarmahlíð er boðið upp á samhæfða þjónustu á einum stað þar sem hægt er að fá einstaklingsviðtöl, lagalega ráðgjöf, félagslega ráðgjöf og jafningjastuðning. Auk þess sem lögregla veitir upplýsingar um ferli mála í réttarvörslukerfinu og kemur málum í farveg innan lögreglunnar. Bjarmahlíð er viðbót við þá starfsemi sem þegar er í boði fyrir þolendur ofbeldis og öll vinna er á forsendum þeirra sem þangað leita.

## Samstarfsaðilar

Í framkvæmdarráði Bjarmahlíðar sitja þrjú fulltrúar, Agnes Björk Blöndal frá Lögreglunni á Norðurlandi eystra, Anna Marit Níelsdóttir frá Akureyrarbæ og Elín Björg Ragnarsdóttir sem situr í ráðinu fyrir hönd Afslins. Hlutverk framkvæmdarráðs er að styðja við bakið á teymisstjóra og taka ákvarðanir sem snúa að starfsemi Bjarmahlíðar, í samráði við teymisstjóra. Akureyrarbær leggur til húsnæði Bjarmahlíðar í Aðalstræti 14 þar sem miðstöðin deilir húsnæði með Aflinu. Aflið hefur sinnt þjónustuþegum Bjarmahlíðar mjög vel er samstarfið mjög gott. Akureyrarbær leggur einnig til félagsráðgjafa og lögfræðing sem koma reglulega í húsið og hitta þjónustuþega Bjarmahlíðar. Lögreglan er með reglulega viðveru í húsinu ásamt því að veita þjónustu í formi bókhalds og launahalds. Kvinnaráðgjöfin hefur verið í nokkur skipti með viðtöl í Bjarmahlíð auk þess að svara reglulega fyrirspurnum frá teymisstjóra. Til stóð að Bjarmahlíð, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Kvinnaráðgjöfin yrðu með reglulega fræðslu fyrir konur af erlendum uppruna í mars og apríl á þessu ári en sökum Covid-19 var því slegið á frest um sinn. Teymisstjóri hefur hitt yfirsálfræðing HSN í nokkur skipti

til að auka samstarfið milli Bjarmahlíðar og HSN. Það samstarf hefur gengið vel og hafa nokkrir þjónustuþegar Bjarmahlíðar hlotið sálfræðiþjónustu hjá HSN. Teymisstjóri hefur verið í góðu samstarfi við Háskólann á Akureyri ásamt því að hafa fengið fjórða árs hjúkrunarnema í verknám í húsið. Teymisstjóri var með erindi á ráðstefnunni „Löggæsla og samfélagið“ á vegum lögreglufræða við HA.

## Tölfræði

Tafla 1: Tölfræði.

Skipting	Fjöldi
<b>Fjöldi einstakl. í heildina fyrstu 11 mánuðina</b>	<b>97</b>
Konur	93%
Karlar	7%
<b>Uppruni þjónustuþega</b>	
Íslendingar	92%
Erlendur uppruni	8%

Heildarfjöldi mála fyrsta starfsárið var töluvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi tilraunaverkefnisins. Stærsti hópur þjónustuþega eru konur og virðast karlmenn eiga erfiðara með að leita sér hjálpar þegar þeir hafa sætt ofbeldi og er það í samræmi við rannsóknir. Þjónustuþegar af erlendum uppruna eru í samræmi við hlutfallslegan fjölda íbúa af erlendum uppruna á Norðurlandi eystra, sem er um 8% af heildarfjölda íbúa á þessu svæði. Sá aldurshópur sem hefur mest leitað í Bjarmahlíð eru einstaklingar á aldrinum 18-29 ára og er það í samræmi við tölur Bjarkarhlíðar í Reykjavík. 49% þjónustuþega er á aldrinum 30-59 ára en þeir sem eru eldri en 60 ára virðast aftur á móti síður sækja sér aðstoðar í Bjarmahlíð og gæti þetta bent til þess að kynning á verkefninu hafi ekki náð til þeirra.

Tafla 2: Aldursskipting þjónustuþega.

Svar	Fjöldi mála	Hlutfall
18-29	45	46%
30-39	26	27%
40-49	11	12%
50-59	10	10%
60-69	2	2%
70-79	3	3%
80 og eldri	0	0%
<b>Samtals</b>	<b>97</b>	

Tafla 3: búseta þjónustuþega.

Búseta þjónustuþega	Hlutfall
Akureyri	90%
Nágrannasveitarfélög	10%

Akureyringar hafa mest leitað til Bjarmahlíðar en um 90% þjónustuþega eru búsettir þar. Hin 10% koma frá nágrannasveitafélögum líkt og Dalvík, Fjallabyggð, Húsavík en einnig lengra frá líkt og Skagaströnd, Kópaskeri, Eskifirði og frá Egilsstöðum

Tafla 4: Eðli ofbeldis.

Eðli ofbeldis í Bjarmahlíð	Hlutfall
Heimilisofbeldi	48%
Kynferðisofbeldi	52%
Börn á heimili	54%
Afskipti barnaverndar	34%
Þjónustuþegar með andlegan sjúkdóm	48%
Þjónustuþegar með líkamlegan sjúkdóm	26%
Glímt við sjálfsvígshugsanir vegna ofbeldisins	29%
Saga um fyrri áföll og endurtekin áföll	68%

Kynferðisofbeldi og heimilisofbeldi eru aðal ástæður fyrir komu þolenda í Bjarmahlíð. Erfitt er þó að skilgreina ofbeldið á svörtu og hvítu því oft skarast eðli ofbeldisins og því hefur teymisstjóri lagt það til að aðlaga gagnagrunn Bjarmahlíðar í þeim tilgangi að greina betur eðli þess ofbeldis sem þolendur verða fyrir. Það sem einkennir þennan hóp er saga um fyrri áföll og endurtekin áföll tengd ofbeldi eða í 68% tilvika. Í flestum tilfellum er það ofbeldi í æsku og kynferðislegt ofbeldi sem kemur við sögu. Merkja má að 48% þjónustuþega glíma við andleg veikindi, oftast er um að ræða þunglyndi, kvíða og fíknivanda.

Tafla 5: Ferli þjónustuþega innan Bjarmahlíðar eftir greiningarviðtal.

Þjónustuleiðir innan Bjarmahlíðar	Fjöldi einstaklinga
Aflið	48
Lögreglan	31
Félagsráðgjafi Akureyrarbæjar	26
Lögfræðiráðgjöf	23
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	15
Annað	23

Teymistjóri Bjarmahlíðar tekur fyrsta viðtal við þjónustuþega. Mikilvægt er að einstaklingur upplifi að hún/hann sé við stjórn í fyrsta viðtali og upplifi sig örugga/n, að auki er mikilvægt að teymisstjóri útskýri eðli starfseminnar vel og kynnir möguleg úrræði. Í fyrsta viðtali er fyllt út komublað þar sem upplýsingum um viðkomandi og eðli ofbeldisins er safnað í gagnagrunn. Tölfræði Bjarmahlíðar byggir meðal annars á þessum gögnum. Einnig er notast við viðtalaskráningu í Tímatali og fá þjónustuþegar sent SMS daginn fyrir viðtal. Flestir þeirra sem koma í fyrsta viðtal til teymisstjóra nýta sér úrræðin sem eru til staðar, hvort sem það er áframhaldandi stuðningur hjá Aflinu eða upplýsingaviðtal hjá öðrum samstarfsaðilum. Reglulega nýta þjónustuþegar sér fleiri en eitt úrræði Bjarmahlíðar. Samvinna við samstarfsaðila hefur gengið mjög vel og eiga þeir mikið hrós skilið fyrir gott starf í þágu Bjarmahlíðar.

## Styrkir

Bjarmahlíð hefur upplifað mikinn meðbyr með starfseminni á fyrstu starfsmánuðunum. Zonta klúbburinn á Akureyri styrkti Bjarmahlíð um 250.000 sem nýttur var til húsgagnakaupa. Reb.stúka nr.2 Auður í Oddfellow styrkti miðstöðina um 1.000.000, KEA styrkti um 250.000 og Hvítasunnukirkjan lét 300.000 kr. renna til Bjarmahlíðar. Hluti af þessum styrkjum hefur verið notaðir í kynningarstarf og auglýsingagerð en munu jafnframt koma að mjög góðum notum í áframhaldandi starfi Bjarmahlíðar. Teymisstjóri mun halda áfram að afla styrkja á þessu ári.



## Annað

Teymisstjóri hefur verið að sinna fræðslu í stofnunum og samtökum á Akureyri og í nágrennasveitum í þeim tilgangi að kynna starfsemi Bjarmahlíðar. Að auki hafa verið tíðar heimsóknir í húsið og hafa nokkrir hópar á vegum SÍMEY og Verkmenntaskólans á Akureyri komið í fræðslu um einkenni og afleiðingar ofbeldis. Í samvinnu við W.O.M.E.N Iceland skipulagði teymisstjóri ráðstefnuna „Empowerment meeting for foreign women in the North“. Teymisstjóri, ásamt fulltrúm úr lögreglunni, Bjarkarhlíð og kvennaráðgjöfinni, sat ráðstefnu í Belgíu í nóvember á vegum Family Justice center í Antwerpen. Einnig fór teymisstjóri til Dublin í janúar á tengslaráðstefnu á vegum Rannís. Teymistjóri hefur hannað kynningarefni um starfsemina og sent víða og þá sérstaklega til stofnanna sem sinna þolendum ofbeldis, líkt og félagsþjónustur í nágrennasveitarfélögum og lögreglu. Síðustu vikur hefur teymisstjóri í samvinnu við auglýsingafyrirtæki unnið að kynningarmyndböndum um starfsemi Bjarmahlíðar, þar sem megináherslan er að kynna Bjarmahlíð og þau úrræði sem þar eru til staðar.



## Bjarmahlíð sem varanlegt úrræði



Starfsárið 2019 fór fram úr björtustu vonum allra samstarfsaðila (ef svo má að orði komast) og ljóst er að ekki var vanþörf á úrræði líkt og Bjarmahlíð býður upp á. Þar stendur hæst að þverfagleg samvinna og aukin þjónusta stuðlar að meira öryggi og aðstoð við þolendur ofbeldis á Norðurlandi og með því er takmarkinu náð. Ef horft er til þróunar á fjölda þjónustuþega frá byrjun til dagsins í dag og með aukinni kynningu

á starfseminni má áætla að enn fleiri þolendur munu nýta sér úrræði Bjarmahlíðar. Þegar Bjarmahlíð hefur fest sig enn frekar í sessi og verður varanlegt úrræði fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi en til þess þarf áframhaldandi stuðning stjórnvalda, Akureyrarbæjar og annarra samstarfsaðila.

Ritun ársskýrslu:

Texti og tölfræðivinnsla: Guðrún Kristín Blöndal, teymisstjóri

Uppsetning: Einar Logi Vilhjálmsson og Hulda Ólafsdóttir



**Bjarmahlíð**

Aðalstræti 14 / 600 Akureyri / Sími 551 2520  
bjarmahlid@bjarmahlid.is / www.bjarmahlid.is